1861. 13. febrúar. leiðanlegur til þess; en allar tilraunir læknaráðsins hafa verið árangurslausar.

Með því nú þessu er þannig varið, getur dómsmálastjórnin því miður ekki gjört meira til þess að fá lækni í embættið, er hún ekki treystist til að útvega þeim manni, er í það yrði skipaður, önnur kjör en hinum hèraðslæknunum á Íslandi; en það er vitaskuld, að stjórnin mun láta sèr annt um að fá duglegan lækni í embættið, svo fljótt, sem það verður unnt, eptir því sem ástatt er.

---

26. febrúar. **9. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrktarfè prestaekkna.**

Þeir 300 ríkisdalir, er samkvæmt brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 17. aprílm. f. á. eru taldir meðal útgjalda Íslands í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{60}{61}$, og sem eptir konungsúrskurði 13. maím. 1785 hafa verið hafðir til styrktar prestaekkjum og börnum þeirra á Íslandi, og stiptsyfirvöldin úthluta þeim, eru nú í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{61}{62}$, er út komu 19. þ. m., hækkaðir til 400 ríkisdala.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

---

26. febrúar. **10. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um lán til kirkjubyggingar á Eyri í Ísafjarðar sýslu.**

Eptir uppástungu kirkju- og kennslustjórnarinnar við ríkisþingið, eru í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{61}{62}$, er út komu 19. þ. m., veittir 1800 ríkisdalir til að fullbyggja nýja kirkju á Eyri í Ísafjarðar sýslu í vesturumdæmi Íslands; er fè þetta veitt sem lán, er á að hvíla á brauðinu, og ber að greiða af því 6 af hundraði á ári í 28 ár í röð í vöxtu og borgun innstæðunnar. Þetta sè yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður og yður háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbein-

ingar og til þess þèr auglýsið það, og vonast stjórnin eptir, að þèr sjáið um að borgun innstæðunnar og vextir af láninu, svo sem áskilið er, verði skilvíslega greitt og borgað í jarðabókarsjóð Íslands. 1861. 26. febrúar.

---

11. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stjórnenda hins íslenzka biblíufèlags, um styrk til að gefa út nýja testamentið. 26. febrúar.

Eptir bænarskrá, dagsettri 11. júlím. f. á., er hingað barst frá stjórnendum hins íslenzka biblíufèlags, eru í fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{61}{62}$, sem útkomu 19. þ. m., fèlagi þessu veittir 200 ríkisdalir, sem sèrstaklegur styrkur fyrir eitt ár, til að koma út eptir fyrirætlun fèlagsins nýju upplagi af nýja testamentinu á íslenzku.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

---

12. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir árið 1861—62. 27. febrúar.

Með brèfi þessu er yður, herra stiptamtmaður, sent eitt exemplar af fjárhagslögunum fyrir árið $18\frac{61}{62}$, er út komu 19. þ. m., ásamt athugasemdum við frumvarp til laga þessara og eptirriti af fylgiskjali, er til þess heyrir, að svo miklu leyti það snertir Ísland.

Um þetta efni skal nú yfirhöfuð að tala skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í brèfi stjórnarinnar 15. aprílm. 1851, þannig:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárhagslögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 31. maím. 1855, 1. gr., án þess nokkra sèrstaklega